# *Nr. 123 / 09 Guðrún Guðleifsdóttir ÍS 25*

## *Fær veiðarfæri í skrúfuna og dregin til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 971
*Smíðaður:* Boizenburg Þýskalandi 1965 stál
*Stærð:* 211,4 brl. 303,5 bt.
*Mesta lengd:* 34,5 m *Skráð lengd:* 26,6 m
*Breidd:* 7,2 m *Dýpt:* 6,1 m
*Vél:* Mirrlees Blackstone 530 kW 1983
*Fjöldi skipverja:* 8



Guðrún Guðleifsdóttir ©Hilmar Snorrason

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 22. október 2009 var Guðrún Gunnleifsdóttir ÍS 25 á netaveiðum í Húnaflóa. Veður: N 13 m/sek.

Skipverjar voru að draga og þegar drekinn kom upp reyndist netið flækt í honum. Á meðan skipverjarnir voru að eiga við þetta á rúllunni flaut endinn á netinu og sjértinn aftur með skipinu og lenti í skrúfunni.

Skipverjum tókst ekki að losa úr henni og óskuðu eftir aðstoð. Björgunarskipið Húnabjörg fór á staðinn og dró skipið til Skagastrandar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjórinn taldi að skipverjinn á rúllunni hafi ekki áttað sig á að draga slakann um borð strax.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.